

Stundin, 24.01.2020, síðu 58, 59  
grein stærð: 1147.41 sm2  
grein hæð: 36.44 sm

# Manneskjan er mitt stærsta áhugamál

Á fimmtudagskvöldið var opnuð sýning **Hrafnhildar Arnardóttur, Shoplifter**, í Listasafni Reykjavíkur en verkið var framlag Íslands til Feneyjatvíæringsins 2019 og vakti mikla athygli. „Mig langaði alltaf til þess að skapa risavaxið umhverfi,“ segir Hrafnhildur.

**Anna Margrét Björnsson**  
skrifar

Í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi, er verið að leggja lokahönd á uppsetningu Chromo Sapiens, umfangsmikla og ævintýralega innsetningu listakonunnar Hrafnhildar Arnardóttur. Hún er einnig þekkt undir nafninu Shoplifter, sem festist við hana þegar fólk misheyrði erfitt íslenskt eiginafnið í New York þar sem hún býr og starfar. Hrafnhildur hefur um árabíl kannað og unnið með mannsárið og tákngildi þess og hefur óðlast fjölmargar viðurkenningar fyrir verk sín. Tengsl hennar við tiskuheiminn eru sterk og hún hefur meðal annars unnið náði með tónlistarkonunni Björk.

Þegar ég geng inn í listasafnið inn úr haglélinu er mér vísað beint inn í einhvers konar hlýtt hellismynni á jarðhæð. Þar er ég hreinlega gengin inn í listaverkið, eða nánar tiltekið einn af þremur hlutum verksins, þrjú rými alsett gervihári í mismunandi litum sem hreinlega virðast anda og bærast og umlykja mig á meðan magnþrungin drunutónlist hljómar í eyrum. Ein fyrsta tilfinning mín er að vilja strjúka þessum furbulegu hárum, litirnir eru svo magnaðir og minna jafnvel á risavaxið skordýr eða lifandi dropasteinshelli. Á meðan ég leita að Hrafnhildi innan í einhverju sem líkast loðnum maga á risavaxnu furbudýri hitti ég Lilju Baldursdóttur, einn framleiðanda íslenska skálans í Feneyjum. „Það komu um það bil 100

manns að þessu verkefni á einhvern hátt, alveg frá fólkinu sem var að vinna í efnivíðnum til tónlistarinnar,“ útskýrir Lilja. „Við byrjuðum í júní 2018 í New York en þá bjuggum við til allan efnivíðinn og réðum tuttugu aðstoðarmanneskjur. Svo unnum við að því árið 2019 úti í New York, þökkðuðum verkinu niður í gám og sendum það yfir til Feneyja en það tók tvo mánuði að setja það upp þar. Síðastliðinn nóvember tókum við það varlega og skipulega niður og þetta er í fyrsta sinn sem við erum að setja það aftur upp.“

Verkið sía í gegn í Feneyjum og mun án efa færa lit inn í þennan stormasama janúarmánuð hjá Reykvikungum.

Hrafnhildur er fyndin, brosmild, hlý og litrík og útskýrir fyrir mér rýmin þrjú innan verksins. Það fyrsta kallar hún Primal Opus, sem er dimmur hellir í svörtum, brúnum og bleikum tönum þar sem dimm drunutónlist ómar. Næsti „hellir“ kallast Astral Gloria, einhvers konar dropasteinshellir eða jafnvel álfakirkja sem æpir á skliningarvitin með skærum og glaðlegum neonlytum. Þriðja rýmið, Opium Natura, er dempaðra í litavali, hvitt, gult og bleikt og minnir næstum á rjóma-tertu.

„Maður er svona inni í maganum á dýrinu hérna,“ segir Hrafnhildur þegar ég spyr um samstarfið við HAM. „Ég vildi fá garna gaul úr meðan-jarðardjúpum inn í verkið og hugsaði þá strax til HAM. Ég vildi eitthvað



**Þarf ekki önnur efni en hár**  
Hrafnhildur er búin að vera edru í næstum tólf ár og segist ekki vera á neinu öðru en bara hár. Litir þess og upplifunin af því losi órugglega seratonín og endorfín og dópamín.  
MYND: HEDA HEIGADÓTTIR

í takt við þegar maður var óléttur og fékk þá að vita að það væri mjög mikill hávaði innan í líkamanum sem ófætt barn heyrir. Með tónlistinni finnst mér ég fá hreyfingu og andardrátt inn í verkið, mónótónskt „drón“, eitthvað sem er dælitíð eins og sjávarfall og öldunidir. Einhvers konar tíoni sem nuddar líkamann. Tönverkið er svona ákveðinn efnivíður, hluti af málinungunni í málverkinu.“

**Flækt í þennan efnivíð**  
Hrafnhildur segist mikið hafa veit fyrir sér nafninu á verkinu sem henni fannst þurfa að vera sterkt. „Þegar ég er að velja fyrir mér nafnum á verkum þá tek ég alltaf upp gömlu ensk-íslensku orðabókina, þessa stóru bláu og rauðu. Ég hef ótrúlega mikinn áhuga á orðum og orðasamböndum og samneitum og andheitum, orð geta verið svo falleg. Ég hef oft verið bara að búa til orð líka. Til dæmis röðin mín Nervescapes, þá nota ég orðið nerves eða taugar og landscapes (landslag) sem inniheldur líka orðið escapes þannig að það tákna eiginlega gríða eða felustað fyrir taugakerfið. Í þessu verki endaði ég á því að nefna frekar áhorfandann heldur en verkið sjálf. Ég var að fletta í bókinni göðu og kom að orðinu chromo sem þýðir litbrigði. Chromo þýðir allur litaskalinn. Ég hef ekki enn séð lit sem mér finnst ekki fallegur því lengur sem ég horfi á hann, jafnvel litir sem maður heldur að séu ljótri óðlast líf og fegurð eftir því sem maður horfir á þá lengur. Ég hugsaði „homo sapiens, chromo sapiens, já!“ Ég er alltaf að reyna að miðla einhvers konar fegurð litanna og hversu jákvæð áhrif þeir hafa á okkur, að vera meira meðvítuð um liti. Sapiens þýðir meðvítund eða víska. Chromo sapiens þýðir eiginlega litrófsmeðvítund. Homo sapiens er maðurinn

“  
**Ég er flækt í þennan efnivíð**

með meðvítund en chromo sapiens er maðurinn með litrófsvíska.“

Svo minnir orðið á chromosome (litning)? „Já, ég er einmitt að vinna að verki núna sem heitir chromo zone, the zone of the chromo. Allt þetta innra. Ég hef mikinn áhuga á taugasálfræði, líffræði og mannfræði. Ég er í sífældri mannfræðirannsókn. Dægurmenning og hegðunarmynstur manna, hjarð hegðun, költ, hvernig við notum fót og hárgreislur til þess að sýna hvaða hópi við tilheyrum. Þetta finnst mér mjög áhugavert,“ segir Hrafnhildur. „Manneskjan er mitt stærsta áhugamál. Út úr þessu kemur einhvers konar myndlist sem er búin til úr efnivíð, gervihári, sem er ætlaður á mannslikamann og er framléiddur af manninum og hefur samt mjög furbulegan tilgang. Það er alveg ótrúlegt hvað manneskj- unni dettur í hug að búa til til þess að auðga líf sitt. Mér finnst það svo magnað. Þetta er það sem heillar mig upp úr skönnum og gerir það að verkum að ég er flækt í þennan efnivíð. Við erum alltaf að reyna að temja á okkur hárið og ég er jafnframt að reyna að temja efnivíðinn til þess að verða eitthvað annað en að vera bara búnt af hári. Hárið er í raun það eina sem er hægt að eiga við á manneskjinni, nema maður sé í


lytalækningum eða einhverju svoleiðis.“ Hrafnhildur betir við að hárið á okkur sé það eina sem lífi okkur af, ef beinagrindin er undanskilin. „Áður en ljósmyndir komu til sögunnar þá var fólki gefinn lokkur af hári frá unustu sinni eða unnusta til að geyma í nisti. Þaðan kemur enska orðið locket (nisti). Þetta var oft það eina sem fólk átti til minningar um viðkomandi. Þegar ég var litill var ég alltaf að stelast til að skoða í snyrtiborðið hennar ömmu. Ég fann þar til dæmis fléttur sem voru klipptar af henni sem ungru stúlku. Það var mjög skrytið að sjá, mér fannst það bæði eins og allinum einhvers konar en líka minnisvarði um æsku hennar. Hár hreyfir mikið við okkur, okkur finnst það fagurt og við viljum snerta það þegar það er á manneskjinni en þegar það er farið af manneskjinni þykir okkur það sérlega fráhrindandi, um leið og annarra manna hár er komið í sturtubottinn eða í súpuna þá finnst okkur það ógeðslegt,“ segir hún og hlær. „Við höfum sterk tilfinningaleg tengsl við þetta efni, þennan textil sem hárið er og vex á okkur. Svo er til dæmis svo sterk hefð fyrir þessum villta eiginleika, til dæmis þegar það eru ástarsenur í kvikmyndum, þá er hárið oft tekið úr tagli.“

Svo má ekki sýna hárið á konum í sumum menningarheimum eða það rakað af munkum. „Einmitt, það er af því að það er svo öflug fegurð í hári, miklir galdrar. Þetta er endalaus uppspretta fyrir mér.“

**Áhorfendur lögðust inn í verkið klukkustundum saman**

„Sumir hafa nú bara týnt hlutum hérna inni,“ segir Hrafnhildur og hlær þegar ég spyr hvaða áhrif verkið hafi haft á áhorfendur í Feneyjum. „Við lentum í því til dæmis að finna kaffibaunapoka innan í því, einn týndi





úrinu sínu sem svo fannst mörgum mánuðum seinna. Fólki hugsar dálítið um þetta eins og gróður sem vex, hann er fallegur en getur jafnvel verið ógnvekjandi eða kæfandi ef hann fer út um allt, fólk er að velta fyrir sér hvort þetta sé fallett eða fráhrindandi. Áhorfandinn þarf að gera upp við sig hvorri tilfinningunni hann ætlar að fylgja. Ætlar þú að bakka út úr verkinu eða fara inn í það?

Hún segir það hafa verið mjög næringarríkt fyrir sig sem myndlistarmann að fá þessi miklu viðbrögð. „Þú þarft ekkert að vita um verkið til að njóta þess. Þetta er svolítið bara myndlist um myndlist. Um fyrirbærið myndlist og fyrirbærið manneskjuna. Það hefur sannast að þetta hefur mikil áhrif á fólk. Verkið snertir fólk mjög djúpt af því það snertir eitthvað í sjálfu sér þarna inni. Þú ert að ferðast en þú ert í rauninni ferðalagið. Þú ert í eigin hugsanaferli, viðbrögðum líkamans, það er bara verkið þarna inni, þú átt erfitt með að hugsa um eitthvað annað, heimilið eða áhyggjur eða annað. Þetta er svona draumkenndur griðastaður þar sem fólk er að speisa út og hlaða sig orku, þessir litir gefa manni svo mikla orku, þeir smjúga inn um augun og kveikja ljósið. Fólk lagðist inn í verkið í marga klukkutíma í Feneyjum. Sumir voru kannski bara þotupreyttir,“ segir hún og hlær. „Eitt par svaf bara þarna í faðmlögum mörgum klukkutímum saman. Fólk virtist upplifa þetta sem einhvers konar griðastað eða hreiður og mér þykir afskaplega vænt um það. Þetta er eins og að sækja eitthvað í náttúruna, vellíðan og orku.“

Er þetta ekki einhvers konar cyber náttúra þarna inni? „Þetta er einmitt eins og analóg cyber náttúra,“ svarar hún. „Analogue version af digital cyber náttúru. Ég hef

ekkert á móti stafrænu innrásinni í heiminum en mér þykir svo gaman að búa til eitthvað sem stendur undir sér, er komið út úr tölvunni og er orðið að veruleika, þetta er ekki sýndarveruleiki heldur veruleiki. Hann er búinn til úr gerviefni en er svo súrrealískur og síkadelískur að þetta er trippy.“

Hefur enginn tekið sveppi og farið svo inn í verkið? „Það hafa margir spurt mig út í það hvort ég væri á sveppum! En ég er bara á hári. Kannski er þetta einhver leið hjá mér, ég er búin að vera edru í næstum tólf ár og er bara „high on life“ og það er nóg fyrir mig. Þessir litir og þessi upplifun losar pottþétt seratónín og endorfin og dópamín, ég er nokkuð viss um það, fólk er að koma aftur og aftur til að hlaða sig og slá á skammdegisþunglyndi, það veitir ekki af þessa dagana. Ég trúi því og hef sannað það með því að vera í samskiptum við áhorfendur að þetta hefur jákvæð upplifgandi hjart-sýnisáhrif á fólk. Það ættu að vera til svona staðir þar sem fólk getur hugleitt. Ég er til dæmis að vinna í að gera einhvers konar marglita loðna og litríka belgi, sem eru svolítið eins og tímavél. Þú ferðast út úr áhyggjunum og inn í svona litla jákvæða hleðslustöð. Ég er að gera einn svona sporöskjulaga belg fyrir safn í Savannah í Georgíu og svo er ég að sýna nokkur saman í Kulturhuset í Stokkhólmi. Ég hef líka gert innsetningu í heimahús úr gervihári, heilan langan gang, sem varð næstum eins og gervigróður.“

### Gefur myndlistinni bæjarleyfi með tiskunni

Hrafnhildur kláraði framhaldsnám í myndlist í School of Visual Arts í New York þar sem hún hefur nú búið í 25 ár. Ég spyr hana hvernig hún

haldi að ferillinn hefði orðið ef hún hefði verið heima á Íslandi. „Það er náttúrlega ótrúlega erfitt að ímynda sér það vegna þess að ég til dæmis hefði aldrei labbað inn í dollarabúð og keypt mér fyrstu hárlenginguna mína. Þetta er eins og með allt í lífinu, það er einhver ákvörðun tekin og þar með fer lífið í aðra átt. Ég væri kannski að gera alveg jafn spennandi hluti en allt aðra hluti. Mér finnst ég samt eiga heima hérna á Íslandi, ég er svo mikið hér og tek virkan þátt í íslensku listalífi, stór hluti af mér er svo íslenskur. Mér líður vel í New York af því ég veit að ég get alltaf farið til Íslands og líður vel á Íslandi af því ég veit að ég get farið til New York. Þetta endurspeglar áhuga minn á andstæðum pólum.“

Varðandi áframhaldandi samstarf við heim tiskunnar segir Hrafnhildur að það sé alltaf ýmislegt sem detti inn. „Það er gaman að uppgötva hversu auðvelt mér finnst að koma verkunum í annað form en myndlist, leyfa því stelast út úr gallerí eða safni og fá að vera í dægurmenningunni. Ég er hrifin af því að nálgast fólk í gegnum myndlist og þá finnst mér mjög áriðandi að gefa myndlistinni leyfi til þess að lifa í hlutum eða fötum og ná til fleira fólks. Myndlistin mín hentar í það þar sem hún á uppruna sinn í dægurmenningunni. Hún á skilið að fá bæjarleyfi.“

Hrafnhildur segist vera með stórt tiskuverkefni fram undan í París sem hún má ekkert segja um. „Fólk verður bara að bíða átekt,“ segir hún og hlær. „Og svo ætla ég aðeins að taka mér frí á Íslandi í sumar. Hér get ég hlaðið batterí sem enginn annar staður getur hlaðið.“

*Chromo Sapiens stendur yfir þar til 19. mars næstkomandi í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi. ■*